

4. gr.

Hreppsnefnd tilnefnir mann sem hefur með höndum framkvæmd samþykktar þessarar og skulu honum berast þær kærur tafarlaust, sem til kunna að vera vegna meintra brota á samþykkt þessari. Skal hann starfa í náinni samvinnu við heilbrigðisfulltrúa Vesturlands.

5. gr.

Sveitarstjórn er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum, eða öll veitt leyfi telji hún þess þörf.

6. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Laxárdalshrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. mars 1989.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um breytingu á lögsögumörkum Akraneskaupstaðar og Innri-Akraneshrepps.

Á grundvelli 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 hefur félagsmálaráðuneytið hinn 28. febrúar sl. staðfest breytingu á lögsögumörkum Akraneskaupstaðar og Innri-Akraneshrepps sbr. samkomulag dags. 16. desember 1988 milli framangreindra sveitarfélaga, sem hljóðar svo:

„Með vísan til samkomulags, dags. 3. mars 1982, milli Akraneskaupstaðar annars vegar og Innri-Akraneshrepps hins vegar vegna kaupa Akraneskaupstaðar á landi Fögrubrekku, sbr. kaupsamning dags. 4. júní 1980, eru sömu aðilar sammála um eftirfarandi breytingu á lögsagnarumdæmi sveitarfélaganna:

Mörk Akraneskaupstaðar og Innri-Akraneshrepps skulu ákvarðast framvegis af eftirtöldum línnum milli markpunkta með hnitum í hnitakerfi Akraneskaupstaðar frá 1987.

Punktur	X-hnit	Y-hnit	Heiti
1. Við ós Leynislækjar	7135331.9983	2449578.9906	372511
2. S.horn Ásfellstún	7135207.3583	2449627.4622	372512
3. S.horn við Traðarbakka	7135605.9097	2449982.5872	372513
4. SA.horn Fögrubrekcutún	7135433.0875	2450213.7310	372514
5. NA.horn Fögrubrekcutún	7136256.2502	2450822.8539	372515
6. NV.horn Fögrubrekcutún	7136443.4875	2450578.8412	372516
7. N.horn Lönguása	7137305.5192	2451302.6763	372517
8. SA.horn Garðasels	7137314.2927	2451527.7800	372518
9. Við Berjadalsá	7137453.5583	2451756.3547	372519
10. Horn v. Skilmannahrepp	7137674.7381	2452038.7102	372520

Sunnan við punkt 1. er dregin bein lína í sjó fram.

Mörkin liggja þannig milli ofangreindra punkta:

Milli punkta	1 og 2	Bein lína,	lengd	133.733 m
Milli punkta	2 og 3	Bein lína,	lengd	533.814 m
Milli punkta	3 og 4	Bein lína,	lengd	288.609 m
Milli punkta	4 og 5	Bein lína,	lengd	1.024.025 m
Milli punkta	5 og 6	Bein lína,	lengd	307.735 m
Milli punkta	6 og 7	Bein lína,	lengd	1.125.627 m
Milli punkta	7 og 8	Bein lína,	lengd	225.275 m
Milli punkta	8 og 9	Bein lína,	lengd	267.659 m
Milli punkta	9 og 10	Bein lína,	lengd	358.671 m

Aðilar eru sammála um að fara þess á leit við félagsmálaráðherra að viðeigandi ráðstafanir verði gerðar til þess að framangreindar breytingar öðlist lagagildi.

Akranesi, 16. desember 1988.

F.h. Innri-Akraneshrepps: Anton Ottesen, oddviti Innri-Akraneshrepps.

F.h. Akraneskaupstaðar: Gísli Gíslason, bæjarstjóri.“

Félagsmálaráðuneytið, 1. mars 1989.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þórhildur Líndal.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 47/1989 um vörugjöld.

1. gr.

Við 14. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein er orðist svo:

Vörugjaldsskyldir þættir starfseminnar, sala og innkaup, skulu einnig aðgreind eftir því hvort um er að ræða vörur sem bera 9% vörugjald eða 25% vörugjald.

2. gr.

2. málsgrein 16. gr. reglugerðarinnar falli brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á Viðauka I:

A. Við viðaukann bætist:

3816.0000	Eldfast lím, steinlím, steinsteypa og áþekkar samsettar vörur.
3823.4000	Tilbúin íblöndunarefni fyrir sement, steinlím eða steinsteypu.
3823.5000	Óeldfast steinlím og steinsteypa.
4016.9918	Plötur, ræmur, stengur, prófilar, leiðslur, hlutar o.þ.h. tilsníðið til notkunar í mannvirki.
4403.3400	Okumé, Obeche, Sapelli, Sipo, Acajou D'Afrique, Makoré og Iroko.
4407.2101	Gólfklæðning.
4407.2109	Annar.
6809.9001	Til bygginga.